Bæjarskrifst. Garðabæjar
Mótt.dags. 05.12.2016
Málaflokkur 00.10.1
Mál nr. 1612035

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ 30.11.2016

Ágæta Bæjarráð

Undanfarin ár hefur Garðabær stutt starfsemi íþróttafélaganna GKG og GO með ýmsum hætti. Árlega hafa félögin hvort fyrir sig fengið greiðslu fyrir íþróttastarf auk rekstrarstyrks samtals að fjárhæð kr. 6.000.000,- Hefur styrkur þessi verið óbreyttur frá árinu 2012.

Eðli málsins samkvæmt hafa laun hækkað ásamt þeim viðföngum sem félögin þurfa á að halda vegna rekstursins. Um 56% af rekstrargjöldum félaganna eru laun og 44% annar kostnaður. Ef styrkirnir eru reiknaðir upp samkvæmt þeirri vísitölu frá árinu 2012 ættu þeir nú að vera tæpar átta milljónir króna.

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Launav	6.000.000	6.304.547	6.684.147	7.127.255	7.687.274	8.468.126
Neysla	6.000.000	6.251.170	6.477.379	6.602.184	6.717.629	6.840.874
Golfvísitala (56/44)	6.000.000	6.281.061	6.593.169	6.896.224	7.260.630	7.752.135
Mismunur		**281.061**	**593.169**	**896.224**	**1.260.630**	**1.752.135**
Uppsafnað		**281.061**	**874.230**	**1.770.454**	**3.031.084**	**4.783.219**

Með bréfi þessu förum við vinsamlegast fram á það að Bæjarráð Garðabæjar auki við styrkveitinguna í takt við þá verðlagsþróun sem orðið hefur í rekstri félaganna sem framangreindu nemur þannig að styrkfjárhæð verði kr. 8.000.000,- á hvort íþróttafélag.

Með vinsemd og virðingu,

Fh. GO
Þorvaldur Þorsteinsson

Fh GKG
Agnar Már Jónsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026